

Vetrarferðapjónusta

SAMANTEKT - VINNUSTOFUR



Vetrarferðapjónusta á Vestfjarðaleiðinni – Af hverju skiptir hún máli?



Vetrarferðapjónusta skapar grundvöll fyrir heilsársstarfsemi á Vestfjörðum og í Döllum.

Með því að ná að byggja upp vetrarferðapjónustu á svæðinu eykst gæði þjónustu, nýting gistirýma og tækja verður betri og arðsemi fyrirtækja eykst. Þá dregur hún úr þjálfunarkostnaði fyrirtækja með því að skapa stöðugri starfsemi yfir árið og styrkir þannig innviði svæðisins.

Á sama tíma stuðlar vetrarferðapjónusta að bættri þjónustu og fjölbreyttari menningar- og samfélagsviðburðum yfir veturinn, sem eykur lífsgæði innan samfélagsins.

Tilgangur verkefnisins

Tilgangur vinnustofanna var að virkja þátttakendur til að þróa nýjar og fjölbreyttar vörur sem nýstast í uppbyggingu vetrarferðapjónustu á svæðinu.

Með sameiginlegri vinnu getum við sköpuðum við vörur sem geta lagt grunn að heilsársrekstri, stuðlað að sjálfbærri uppbyggingu og bætt þjónustuframboð svæðisins yfir veturinn.

Við viljum undirstrika að vinnustofunnar snérust ekki um að finna eitt rétt svar, heldur að veita innblástur og tæki til að þróa vörur sem henta áherslum, staðsetningu og þjónustu hvers og eins. Allar hugmyndir sem komu fram í vinnustofunni eru fræ fyrir áframhaldandi vöruþróun – hvort sem þær snúa að gönguferðum, listviðburðum, matarupplifunum, jóla viðburðum eða nýrri nálgun á afþreyingu yfir veturinn.

Vinnustofunnar voru auglýstar opinberlega á öllum svæðum Vestfjarða og Dala í apríl og maí 2025.

Þátttaka náðist fyrir tvær vinnustofur, sem haldnar voru á Ísafirði og Hólmavík.

Markmið vinnustofunnar

Markmið vinnustofunnar var:

- Að búa til vörur fyrir vetur á Vestfjarðaleiðinni og finna lausnir á þeim áskorunum sem tengjast vetrarferðapjónustu.
- Að skapa sameiginlega sýn um tækifæri á svæðinu og efla samstarf milli fyrirtækja og hagsmunaaðila.
- Að stuðla að auknu framboði af fjölbreyttri þjónustu yfir veturinn sem eykur gæði ferðapjónustu og lífsgæði íbúa.

Af hverju viljum við einbeita okkur að hópferðum?

Með hópferðum er hægt að skapa grunn sem byggir á skipulagi og fyrirsjáanleika. Með þeim er hægt að tryggja betri nýtingu á gistirýmum, afþreyingu og þjónustu, sem gerir fyrirtækjum kleift að skipuleggja rekstur sinn betur yfir vetrarmánuðina.

Hópferðir eru auðveldari í sölu fyrir erlendar ferðaskrifstofur sem oft eru að leita að vetrarupplifunum fyrir sína viðskiptavinum. Þær eru markaðslega hagkvæm leið þar sem ódýrara er að sækja ferðaskipuleggjendur heldur en hvern ferðamann fyrir sig. Hópferðir veita einnig öryggi fyrir bæði fyrirtæki og ferðaskipuleggjendur með því að skapa fyrirsjáanlega eftirspurn.



Ávinningur hópferða

Fyrirsjáanleiki

Fyrirtæki vita hvenær hópar koma og geta skipulagt sig í samræmi við það. Þannig er hægt að stilla opnunartíma, þjónustu og mannafla inn á fyrirfram ákveðna daga í stað þess að halda úti daglegri opnun án þess að eftirspurn sé fyrir hendi.

Öryggi

Hópferðir auka öryggi ferðamanna sem ferðast með vönum leiðsögumönnum og skipulögðum aðilum um svæðið yfir veturinn.

Sveigjanleiki

Með skipulagningu margra daga hópferða er hægt að aðlagja dagskrá eftir veðri og aðstæðum. Ef skýjað er einn daginn er hægt að færa norðurljósaferð yfir á næsta dag og tryggja þannig betri upplifun.

Auðveldari sala og markaðssetning

Það er markaðslega hagkvæmt að vinna með sérhæfðum ferðaskipuleggjendum sem leita að vetrarferðum á norðurljóðir fremur en að markaðssetja beint til almennings.

Auðveldara fyrir ferðaskipuleggjendur

Ferðaskipuleggjendur vilja fá tilbúna og seljanlega vörur svo þeir þurfi ekki að þróa þær sjálfir, sem eykur líkurnar á sölu.

Hugmyndavinna frá vinnustofu

Hugarflug

MATUR

- Berjamó
- Bláberja/Sveppa týnsla
- Búa til vöffur – Vöfflukaffi – Spjall og stemmning
- Hefðbundin matarsmökkun
- Heimsækja Dokkuna
- Íslensk matargerð – Framleiðsla (haustverk)
- Íslensk matvæla meðhöndlun – harðfiskur og hákarl
- Jólahlaðborð
- Kaffi hlaðborð
- Kaffileikhús
- Kræklingakvöld
- Matarkistan Vestfirðir
- Matarvenjur
- Matur úr héraði
- Neðansjávar veitingahús með selaskoðun
- Ostagerð
- Sláturgerð/smökkun
- Út: Drykkir, kakó – kokteilar eitthvað
- Veitingastaður t.d. í Mosdal
- Vestfirskar matarhefðir – námskeið um helgi
- Vinsmakk

Á vinnustofunni fengu ferðapjónar 15 mínútur til að skrifa niður allar mögulegar hugmyndir um afþreyingu og þjónustu sem hægt væri að bjóða upp á yfir veturinn á Vestfjörðum.

Markmiðið var að safna saman hugmyndum sem byggja á þeim aðföngum og auðlindum sem svæðið býr nú þegar yfir, með áherslu á lausnir sem hægt er að hrinda þegar í framkvæmd.

Alls voru 176 hugmyndir skráðar og flokkaðar

Hugmyndirnar voru settar í fjóra meginflokka:

Útivist og afþreying

Menning og saga

Matur

Viðburðir

Viðburðir

- Eldsmiðjunámskeið – Stutt listanámskeið
- Hörmungardagar fyrir útlendinga
- Kvikmyndahátíð
- Kvikmyndamarapón í bíó
- LARP á sögustöðum
- Matarhátíð
- Okt.-feb. – Jólaball
- Þrjónahelgar – Ath með Reykjanes, heit böð
- Roleplay hátíð
- Sjósund – Námskeið
- Smalaferðir
- Söluvörur – Séropnanir/viðburðir í boði f. hvali og stórhópa
- Þemahelgar – Þrjónahelgi – matreiðslunámskeið

Efnið úr hugarfluginu er óritskoðað og birtist hér eins og það kom fram á vinnustofunni.

Hugmyndirnar voru skráðar orðrétt til að varðveita frumleika og fjölbreytni.

Hugmyndavinna frá vinnustofu

Hugarflug framhald

Útivist og Afþreying

- Bobsleðar
- Bogfimi – Skotfimi
- Brimbretti – Surf og önnur sjávarsport
- Búa til snjóhús
- Dorgveiði í gegnum ís
- Dynjandi að vetri til
- Eftir áramót – Gönguskiði
- Eftir áramót – Snjóbrúgur
- Eftir áramót – Veiða gegnum ís
- Erfiðar gönguferðir (ekki Everest en samt)
- Ferðagufa
- Fishing trip
- Fjallaskíði
- Fjallaskíði m/án þylu
- Fossa og vita ferðir til sjós og lands
- Fossaferðir – Skoðunarferðir
- Ganga og veiða
- Gengið á varnargarðana
- Gönguleið um Klofning
- Haust – Hvalaskoðun
- Haustgöngur á fjöll
- Heilsuferðir – Jóga og þess háttar
- Heilsutengd ferðaþjónusta – Sund, göngur, jóga, skíði og fleira
- Heitar laugar og horfa á norðurljós
- Hestar og umhirða
- Hvalaskoðun alla mánuði nema jan-feb
- Jeppaferðir – Sótt til Rvk og tekinn Vestfjarðarhringur.
- Kajak
- Kajak í Steingrímsfirði
- Kajakferðir
- Kaupa cargo tvíbytnu 40 knt – Flytja fyrst annað. Ísó- Bíldó-Patró-Snæfellsn-KEF
- Ferðast án utanaðkomandi orku
- Köfun
- Kolanáman á Tindum
- Mótorhjól á ís – Á gaddadekkjum
- Náttúran og þú – Kyrrð
- Norðurljós
- Norðurljósa sigling í burt frá ljósmengun
- Reiðhjólaleiga
- Rjúpnaveiði fyrir ferðamenn
- Selaskoðun
- Selir og refir víða með ströndum
- Sept/okt. – Ferð og ganga inn að Drangjökli
- Sept/okt. – Hestaferðir
- Sept/okt. – Kajakferðir
- Sérviðburðir/ferðir v.stjörnuviðburða
- Siglingar fyrir sjóstöng
- Sjóstangaveiði
- Sjóstangaveiði á kajak
- Skíða
- Skíðahópar – Upplifa að vera middle of nowhere – Upplifa sjávarbyggð og sögu
- Sleðaferðir – Ekki vélsleða. Family friendly
- Snjósleðar – ævintýraferð á fjöll
- Snorklað með svartfuglum undir Bjargi
- Stangveiðar – Varðeldur, veiðistöng og matur.
- Svartfuglaveiði
- Svitajóga í tjaldi
- Utanbrautarskiði á jökli
- Útilegur í snjóhúsi
- Útsýnisstaðaferð
- Velliðunarpakkar
- Vetrar hestaferðir
- Vor – Fuglaskoðun
- Vor/haust – Stjörnuskoðun snemma

Hugmyndavinna frá vinnustofu

Hugarflug framhald

Menning og Saga

- Aðventuferðir
- Álfa/draugasögu göngur
- Álfabyggðir í tölvuleik – svipað og Pokemon Go
- Allan veturinn – Heimsókn í nánasta umhverfi (Sauðfjárbú, Saltverk, fornar minjar)
- Art/music residency
- Cold plunge – Icelandic tradition
- Draugasögur – Walking tour
- Eldsmiðjunámskeið
- Elsti skruðgarður landsins – Skruður
- Gönguferðir og sund í mismunandi bæjum/þorpum
- Gönguferðir/sögugöngur
- Hannyrða kvöld/helgi – Dalir
- Hannyrðir – Lopapeysu – þrjón – Spjald – Vattersaumur
- Haust – Berjaferðir og þrjón
- Haust – Skoðunarferð um garða
- Heimsókn á Byggðasafnið
- Heimsókn til locals
- Heimsóknir til vætta og huldufólks
- Hitta Íslendinga
- Hitta landnámsmenn og konur
- Hönnunarhátíð
- Járnbraut í Frakknesi
- Jóláævintýraþorp
- Jóláævintýri
- Jólamarkaðir
- Jólásveinar
- Jólásveinaverkstæði
- Kertagerð
- Leiksýningar
- Leiksýningar
- Listasmiðja
- Njóta íslensks vetrar í rólegheitum
- Örnámskeið í Íslensku
- Þrjóna – Læra að þrjóna með heimamönnum
- Þrjónahelgi
- Saga Skarðstöðvar á Skarðströnd
- Sagan
- Sagan – Frá landnámi til nútímans
- Sauna og kalt – Tungudal
- Sjófund og gusa. T.d. Sæunnarsund
- Skapandi glæpaskrif í myrkrinu
- Smalamennska – Þátttaka
- Smiðjan á Þingeyri
- Social tourism – Þátttaka í bættu samfélagi
- Söguferðir – Galdrar – Víkingar – Útgerð á árum áður
- Söguganga um Ísafjörð
- Sögukvöld við varðeld
- Þátttaka í göngum – Helst á hestbaki
- Þematengja allar strandir við galdrapema
- Uppistand og sögukveld
- Vestfirðingar – Saga og menning
- Vestfirskar húslestrar – Vestfirsk saga
- Víkingar
- Jólásveinaferðir – Jólavenjur í Dölum – Jóláhefðir á Vestfjörðum – Laufabrauð og smákökur(Jóláhefðir)

Vinnustofa

Hópavinna ferðapakkar

Á vinnustofunni voru þróuð fyrstu drög að ferðapökkum fyrir vetrarferðapjónustu á Vestfjörðum, byggð á hugmyndum og innleggi þátttakenda. Markmiðið var að móta raunhæfa, seljanlega pakka sem nýta þau svæði, auðlindir og þjónustu sem þegar eru til staðar á svæðinu, og styðja þannig við markmið um heilsársferðapjónustu. Ferðapakarnir eru fjölbreyttir og miða að mismunandi markhópum, með áherslu á náttúru, menningu, afþreyingu og rólega upplifun eftir því sem við á.



Yfirlit ferða frá vinnustofu

Markhópur: Náttúru- og menningarunnendur, 30–60 ára

Ferð sem tengir saman menningu, gönguferðir, sögustaði og náttúruupplifun. Inniheldur heimsóknir á söfn, gönguferðir með leiðsögumanni og heimsóknir til heimamanna. Ferðin er á Ísafirði, í Djúpinu og Þingeyri með sveigjanlegri dagskrá.

Hólmavík/Heydalur sem grunnur (6 dagar)

Markhópur: Betur borgandi efri millistétt

Lengri dvöl með gistingu á einum stað, þar sem Heydalur eða Hólmavík eru nýtt sem grunnur fyrir gönguferðir, útivist, heimsóknir í heitar laugar, heimsókn í Saltverk, hvalaskoðun og norðurljósaskoðun.

Vestfirðir „Brot af því besta“ (7 dagar)

Markhópur: Ævintýra- og náttúruunnendur

Ferð um Vestfjarðaleiðina sem hefst í Reykjavík með áherslu á sögustaði, náttúruperlur og mat. Inniheldur heimsóknir á Flókalund, Dynjanda, Þingeyri, Flateyri, Bíldudal og Ísafjörð. Ferðin felur meðal annars í sér matarupplifun og heimsóknir á söfn eins og Skrimslasetrið.

Slow arctic travel with northern lights (8 dagar)

Markhópur: 50+ ferðalangar frá Japan/Singapore

Hæglætisferð með áherslu á norðurljós, rólega upplifun, gönguferðir, siglingar, náttúruupplifun og heimsóknir í sund- og heitar laugar. Sérstaklega hannað fyrir eldri markhópa sem leita að rólegri ferðaupplifun á norðurslóðum.

Næstu skref í þróun vetrarferðapjónustu á Vestfjarðaleiðinni



Nú erum við að kalla eftir skráningu á öllum þeim vetrarferðum og vetrarupplifunum sem eru nú þegar í boði á Vestfjarðaleiðinni jafnt sem þeim vetrarvörum sem ferðapjónar eru tilbúnir til að **skuldbinda sig til að bjóða upp á**.

Við munum:

- Safna upplýsingum frá ferðapjónustuaðilum um þá þjónustu og vörur sem eru í boði yfir veturinn, þar á meðal gistingu, afþreyingu og leiðsögn.
- Kalla vestfirskar ferðaskrifstofur til samstarfs um að vinna með þessar upplýsingar og móta ferðapakka þar sem það á við. Ferðaskrifstofurnar hafa heimild og getu til að taka að sér ábyrgð á pökkum og sinna sölu þeirra.
- Setja saman markaðsefni yfir veturinn þar sem þær vörur sem skilað er inn fá sýnileika. Markaðsefnið verður unnið með ferðapjónum sem eru tilbúnir til samstarfs og bjóða upp á vörur að vetrarlagi.

Við hvetjum alla ferðapjónustuaðila á Vestfjörðum til að senda inn upplýsingar um sína vetrarvöru, hvort sem um er að ræða gistingu, afþreyingu, leiðsögn eða aðra þjónustu sem er í boði.

Það er ekki skilyrði að varan sé hluti af ferðapakka, en með því að senda inn upplýsingar skapast tækifæri til að tengja þjónustu við ferðaskrifstofur og nýta sameiginlegt markaðsátak fyrir svæðið yfir veturinn.

Fylltu út eyðublað fyrir vetrarvöruna þína hér!

Skilyrði þátttöku:

Fyrirtækið þarf að hafa öll tilskilin leyfi til að starfa í ferðapjónustu.

Fyrirtækið þarf að vera þátttakandi í Vestfjarðaleiðinni (þau sem eru í Markaðsstofu Vestfjarða eru sjálfkrafa þátttakendur í Vestfjarðaleiðinni).



Vestfjarðaleiðin

WWW.VESTFJARDALEIDIN.IS